

Bláskógaskóli Laugarvatni auglýsir eftir leikskólakennara

Ef þú vilt vinna með samhentum teymi fagmanna þar sem að jákvæðni og samvinna ræður ríkjum þá er þetta vinnustaður fyrir þig. Við erum líka heppin með það að við Laugarvatn er unun að búa, tækifærin til að njóta lífsins eru óteljandi!

Bláskógaskóli á Laugarvatni er samrekin leik- og grunnskóli sem leggur meðal annars mikla áherslu á samfellu á milli skólastiganna, fjölbreytta kennsluhætti og einstaklingsmiðað nám. Grenndarkennsla er stór hluti af starfinu og verið er að vinna að þróunarverkefni þar sem lögð er áhersla á útinám með fjölbreytta kennsluhætti að leiðarljósi þvert á skólastig.

Leikskóladeildin telur tæplega 30 börn á aldrinum 1 árs til 5 ára.

100% framtíðarstarf í boði.

Störfin henta jafnt körlum sem konum.

Ef ekki fæst kennari með kennsluréttindi á viðkomandi skólastigi verður litið til reynslu og meðmæla úr fyrri starfi/störfum. Umsóknarfrestur er til 5. mars 2018. Gott væri ef viðkomandi gæti hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar veitir Elfa Birkisdóttir skólastjóri í síma: 480-3030 eða í gegnum tölvupóst elfa@blaskogaskoli.is